

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Fjarðabyggð.

*Heyklif.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 28. maí 2020 deiliskipulag Heyklifs. Deiliskipulagið afmarkast af Heyklifi á Kambanesi við sunnanverðan Stöðvarfjörð. Gert er ráð fyrir hóteli, veitingaþjónustu, gistihúsum og smáhúsum á svæðinu til útleigu fyrir ferðamenn. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem lögin gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 17. nóvember 2020.*

**Jón Björn Hákonarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2020